


Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2018



Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Eiríkur J Kjerúlf formaður, Arnheiðarstöðum
Einar Sveinn Friðriksson, gjaldkeri Valbjófsstöðum
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórnir sjóðsins funduðu 3 sinnum á árinu. Alls bárust 12 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 7.952.000 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 9.379.751 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn fær hærri styrk en kr 850.000. (10,7% af úthlutun). Umsóknir undir 800.000 kr eru ekki skertar. Úthlutun styrkja er 4,5% til 10,7% af úthlutu. Tekið skal fram að þessi vinnuregla gildir aðeins fyrir árið 2018. Að hverju sinni verður að haga úthlutun eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2018 varð 6.533.609 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	5.888.908. kr
Laun og launatengd gjöld	125.200. kr
Reikningsleg aðstoð	504.125. kr
<u>Auglýsingar</u>	<u>15.376. kr</u>
SAMTALS	6.533.609. kr.

Þess má geta að sjóðurinn endurgreiddann virðisaukaskatt að upphæð 120.990 kr. vegna bókhaldskostnaðar.

Framkvæmdir 2018

Eftirfarandi 12 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar og sandfoks. Svæðin eru hálsinn innan við Ranaskóg og eyrar á Gilsáreyri.
- Hrafnkelsstaðir. Áburðardreifing á blásna mela, rofabörð. Svæðin eru Tófuaxlarháls, Lækjardalur og nágrenni Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan Þjóðveggar. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk og ofan túngirðingar. Einnig í girðingu upp af Árnastein og á eldri áburðadreifingar Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, svæði í Melgræfum, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgræðsla mela og ógróins lands í beitarhólfi í neðsta hluta fjallsins.
- Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar, urðir og börð í Melafjalli.
- Brekkuagerði. Áburðardreifing til styrkingargróðurs við Bæjarhjalla sem er beitarhólf ofan við bæinn og þriðja svæðið heitir Fláar og er ofan við girðingar í Brekkugerðisfjalli.
- Skriðuklaustur. Uppgræðsla á skriðu sem féll ofan við Hamtó. Melar milli Sauðabanalækja.
- Droplaugarstaðir. Dreifing áburðar til að styrkja staðgróður og dreifing áburðar með grasfræi.
- Brekka. Áreyrar utan við veg að Jökulsá á Hólmum.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

- Vallholt, 6,6 tonn af áburði borin á 40 ha.
- Hrafneisstaðir, 6,6 tonn af áburði borin 45 ha.

- Arnheiðarstaðir, 6 tonn af áburði borin á 40 ha.

- Víðivellir Fremri, 4,8 tonn af áburði borin á 40 ha.

- Víðavallagerði, 0 tonn, 0 ha.

- Valþjófsstaður 2. 1,8 tonn af áburði borin á 20 ha.

- Bessastaðagerði, 7,2 tonn af áburði borin á 50 ha.

- Eyrarland, 6 tonn af áburði borin á 50 ha.

- Melar, 6 tonn, 30 ha.

- Skriðuklaustur, 0 tonn, 0 ha.

- Brekkugerði, 6 tonn af áburði borin á 50 ha.

- Droplaugarstaðir, 1,2 tonn áburður og 40 kg grasfræ borin á 3 ha.

- Brekka, 1,8 tonn af áburði borin á 42 ha.

Samtals var dreift rúmlega 54 tonnum af áburði og 40 kg af grasfræi á 405, ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps

